

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði, og Björgunarsveitin Dýri, kt. 600783-0929, Stefánsbúð, Þingeyri, gera með sér svohljóðandi

## ÞJÓNUSTUSAMNING

um verkefni er Björgunarsveitin Dýri tekur að sér fyrir sveitarfélagið og íbúa þess, svo sem björgunaraðgerðir, fyrirbyggjandi aðgerðir, viðbragðsvaktir og aðra þjónustu, gegn styrks til greiðslu fasteignagjalda á fasteignum Björgunarsveitarinnar Dýra.

### 1. gr.

#### Björgunaraðgerðir

Björgunarsveitin Dýri skal ávallt vera til taks við allar björgunaraðgerðir hvort sem er til sjós eða lands, og vinnur með almannavörnum í sveitarfélaginu. Mannafli félagsins og tækjabúnaður skal ávallt vera til reiðu.

### 2. gr.

#### Fyrirbyggjandi aðgerðir

Björgunarsveitin Dýri skal ávallt vera lögreglu, slökkviliði og öðrum starfsmönnum sveitarfélagsins til reiðu við að hindra tjón, eða koma í veg fyrir að frekara tjón hljóttist af þeirri vá sem skapast hefur, eða er viðbúin, og koma samborgurum sínum til aðstoðar við að bjarga verðmætum sem í hættu eru.

### 3. gr.

#### Viðbragðsvaktir

Björgunarsveitin Dýri er á bakvakt allan sólarhringinn, árið um kring, og er í miklu samstarfi við aðra viðbragðsaðila á svæðinu, s.s. vegna óveðurs og ófærðar.

### 4. gr.

#### Önnur þjónusta

Til viðbótar því er að ofan greinir tekur Björgunarsveitin Dýri að sér fyrir sveitarfélagið og/eða í þágu íbúa þess aðra þjónustu, s.s. aðstoð við framkvæmd hátíðahalda í samstarfi við aðra aðila, flugeldasýningu um áramót og þátttöku í ýmiss konar kynningum er varða forvarnarstarf í slysavörnum.

### 5. gr.

#### Skyldur Ísafjarðarbæjar

Fyrir þjónustu þá sem að ofan greinir, úr hendi Björgunarsveitarinnar Dýra, skal Ísafjarðarbær veita félaginu árlegan styrk samsvarandi álögðum fasteignagjöldum hvers árs af húsnæði félagsins að Sjávargötu 8 á Þingeyri (fnr. 225-9879), utan sorpgjalda.

Styrkveiting vegna gjaldanna skal fara fram við lok hvers fjárhagsárs, en verði breyting á eignarhaldi fasteigna Björgunarsveitarinnar Dýra skal Ísafjarðarbæ tilkynnt um það við undirritun kaupsamnings/afsals. Styrkveiting hvers árs tekur aðeins til þess tíma er ofangreind eign er í eigu Björgunarsveitarinnar Dýra.

Bö þ

573

6. gr.

**Verkefni og þjónusta sem greitt er fyrir sérstaklega**

Þau verkefni og sú þjónusta er Björgunarsveitin Dýri veitir sveitarfélaginu og ekki eru björgunarverkefni eða fyrirbyggjandi aðgerðir og ekki er hægt að flokka sem sérverkefni björgunarsveita verða greidd samkvæmt reikningi eftir áður gerðu samkomulagi í hverju tilviki fyrir sig. Þau verkefni sem Björgunarsveitin Dýri hefur innt af hendi og flokka má undir lið þennan, eru t.d. flutningur gangnamanna, ferðir með starfsmenn sveitarfélagsins í eftirlit með vatnsbólum, og niðurrif húsa.

7. gr.

**Gildistími og uppsögn**

Gildistími samnings þessa er frá 1. janúar 2025, og gildir hann til 31. desember 2029.

Stefnt er áframhaldandi samstarfi að samningstíma loknum.

Samningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu með a.m.k. sex mánaða fyrirvara og skal uppsögn vera skrifleg.

Ísafjörður, 30. júní 2025

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Björgunarfélags Ísafjarðar

*Sigríður Elfa Þorleifsdóttir*

Sigríður Elfa Þorleifsdóttir



Brynjar Örn Þorbjörnsson

stjórnarformaður

*Brynjar Örn Þorbjörnsson*